




# HRUNAMANNAHREPPUR - Iðnaðarsvæði I1 í Flatholti - Deiliskipulag fyrir geymslulóðir



Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi 10. apríl 2025 að auglýsa 18 geymslulóðir á svæði sem í aðalskipulagi er skráð sem iðnaðarsvæði, I1. Lóðirnar eru norðan við þéttbýli Flúða og eru á bilinu 1.400 - 3.600m<sup>2</sup> að stærð.

Sunnan við svæðið er flugbraut sem snýr norðnorðaustur og suðsuðvestur. Flugbrautin er flokkuð með kóða 1 þar sem lengd brautar er <800m. Brautin er skráð sem flugvöllur hjá Isavia. Önnur flugbraut sem ekki er skráð hjá Isavia liggur norðnorðvestur og suðsuðaustur og fer yfir deiliskipulagssvæðið og er hún sýnd í aðalskipulagi. Gera verður ráð fyrir að hún sé notuð þó hún sé ekki í gögnum Isavia. Hindrunarhæð þar sem hún er hvað lægst í deiliskipulaginu er 24m (80fet) og má engin hlutur fara í þá hæð á því svæði. Engar byggingaheimildir eru skv. þessu deiliskipulagi heldur er svæðið ætlað undir áhalda- og geymslusvæði. Helstur málsetningar og lóðastærðir koma fram á upprætti sem og 7m breiður aðkomuvegur.

## Skipulagsskilmálar:

1. Deiliskipulagi þessu fylgja engar byggingaheimildir.
2. Heimilt er að láta lausabúnað standa til langframa innan lóðar, s.s. gáma, bíla, hjólhýsi (stöðuhýsi), vélahluti, byggingarefni eða álíka muni. Engin hættuleg efni eða spilliefni má geyma á lóðunum.
3. Lóðarhafi skal ávallt huga að lóð sinni og halda henni þannig að engin hætta stafi af búnaði og munum innan hennar né sé öðrum til ama.
4. Lóðir eru í nálægð flugvallar. Engin búnaður má ná hærra í loft upp en 7m.
5. Allur búnaður sem nær yfir 3m hæð skal sérstaklega tjóðraður niður með jarðfestingum þannig að vindur geti ekki hreyft hann úr stað.
6. Heimilt er að girða af lóðir og hafa læst hlið.

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. frá \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_ var samþykkt


í sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann \_\_\_\_\_

Samþykkt deiliskipulags var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_



Yfirlitsmynd - mkv. 1:10.000

| Tákn | Skýringar                           |
|------|-------------------------------------|
|      | Mörk skipulagssvæðis                |
|      | Ný lóðamörk, tillaga                |
|      | Lóðamörk, núverandi                 |
|      | Hindrunarflötur flugvallar, útmörk  |
|      | Hindrunar- flötur og hæð flugvallar |



Úr aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 - ekki í kvarða

Uppdráttur þessi er teiknaður í hnitakerfinu ISN93 og byggir á upprætti loftmynd frá Loftmyndum ehf.